

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu, öðlast gildi 1. janúar 1995.

*Viðskiptaráðuneytið, 30. júní 1994.*

F. h. r.

**Þorkell Helgason.**

*Sveinn Þorgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 146/1994 um rafsegulsviðssamhæfi.

## 1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi texti:

Þeir samhæfðu staðlar sem nefndir eru í 1. tl. 2. mgr. eru þeir staðlar sem taldir eru upp í viðauka IV.

## 2. gr.

Eftirfarandi texti bætist við:

### VIÐAUKI IV.

#### Heiti og tilvísanir í samhæfða Evrópustaðla sem uppfylla grunnkröfur.

#### RAFSEGULSVIÐSSAMHÆFI

Tilvísunarnr.	Heiti staðals	Útgáfuár
CENELEC EN 50065-1	Merkjaflutningur á lágspennulögnum á tíðnisviðinu 3 til 148,5 kHz. Hluti 1: Almennar kröfur, tíðnisvið og rafsegultruflanir.	1990
EN 50081-1	Rafsegulsviðssamhæfi - almennar kröfur varðandi útgeislun. Hluti 1: íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri iðnað.	1991
EN 50082-1	Rafsegulsviðssamhæfi - almennar kröfur varðandi ónæmi. Hluti 1: íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri iðnað.	1991

EN 55011	CISPR 11 (1990) útg. 2 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá iðnaðar-, vísinda- og lækningatækjum sem vinna á útvarpstíðni.	1989
EN 55013	CISPR 13 (1975) útg. 1 + breyting 1 (1983) Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá útvarpsviðtækjum og fylgibúnaði.	1988
EN 55014	CISPR 14 (1985) útg. 2 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá heimilistækjum, rafmagnshandverkfærum og svipuðum rafföngum.	1986
EN 55015	CISPR 15 (1985) útg. 3 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá flúrpípu og glólömpum.	1986
EN 55020	Ónæmi útvarpsviðtækja og fylgibúnaðar gagnavart útvarpstruflunum.	1987
EN 55022	CISPR 22 (1985) útg. 1 Mörk og aðferðir við að mæla einkenni útvarpstruflana frá búnaði í upplýsingatækni.	1986
EN 60555-2	IEC 555-2 (1982) útg. 1 + breyting 1 (1985) Truflanir í veitukerfum vegna heimilistækja og svipaðra raffanga. Hluti 2: Yfirsveiflur.	1986
EN 60555-3	IEC 555-3 (1982) útg. 1 Truflanir í veitukerfum vegna heimilistækja og svipaðra raffanga. Hluti 3: Spennusveiflur.	1986

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í X. kafla II. viðauka, tilskipun ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafsegulsviðssamhæfi, með þeim breytingum sem leiða af orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins um rafsegulsviðssamhæfi C/90/92 og C/44/92 um „nýja aðferð“ og með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1994.*

F. h. r.  
**Porkell Helgason.**

*Sveinn Þorgrímsson.*